

## AUGLÝSING

**um breytingu á samþykkt fyrir gatnagerðargjald í þéttbýli  
og þéttbýlistkjörnum í Flóahreppi nr. 963/2007.**

1. gr.

4. gr. samþykktarinnar orðist svo:

### *Útreikningur gatnagerðargjalds.*

Af hverjum heimilum fermetra húss greiðist ákveðinn hundraðshlutu byggingarkostnaðar pr. fermetra í vísitöluhusi fjölbýlis sbr. 3. gr. eins og hann er hverju sinni samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands á grundvelli laga nr. 42/1987.

Hundraðshlutu byggingarkostnaðar ákvarðast eftir hústegund svo sem hér segir:

Einbýlishús með eða án bílgeymslu	8,0%
Parhús með eða án bílgeymslu	7,5%
Raðhús með eða án bílgeymslu	7,0%
Verslunar-, þjónustu- og annað húsnæði	3,5%
Iðnaðarhúsnæði	3,0%

Fjárhæð gatnagerðargjalds breytist í janúarmánuði ár hvert í samræmi við breytingu á bygg- ingarkostnaði vísitöluhússins (179.463 kr./m<sup>2</sup> í september 2012).

2. gr.

Breytingin er samþykkt af sveitarstjórn Flóahrepps samkvæmd heimild í lögum nr. 152/2006 um gatnagerðargjald og tekur gildi við birtingu.

*Flóahreppi, 3. október 2012.*

**Magrét Sigurðardóttir** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 24. október 2012